

## MATARHLÉ



Í síðasta tölublaði skoraði Bjarni Thorarensen Jóhannsson á Huldu Signýju Gylfadóttur, skólustjóra í Grímsey, að koma með kræsi-legalar uppskriftir handa okkur og henni var að sjálfsgöðu ljúft að verða við því. Hulda Signý býður upp á matarmikla súpu sem hún segir vera sérstaklega góða á köldum vetrardögum og Pavlova-köku að hætti Auðar Kömmu mágkonu sinnar. Hulda Signý skorar á Hafþór Einarsson, skrifstofustjóra á skóladeild, að sjá um matreiðsluna í næsta tölublaði.

## SVÖNU TEXAS TWO BEANS

### Hráefni:

2 bollar saxaður laukur (3-4 laukar, gott að hafa hvítan lauk)  
6 hvítlausrif (pressuð)  
2 msk. ólívuóla salt (eftir smekk)

1 lítið chili (finsaxað)  
1 bolli saxað kóreander (u.þ.b. handfylli)  
1 bolli söxuð paprika (2 stórar)  
½ tsk. pipar  
2 dósir vatn  
2 dósir niðursodnir tómatar  
1 krukka hot salsa sósa

¼ bolli BBQ sósa hakk

### Aðferð:

Allt steikt í potti ca 8-10 min

Sjóða í 10-15 mínútur

Sjóða í 10 mínútur

Berið fram með sýrdum rjóma, Avocado, Nachos og rífnum osti.

## PAVLOVA

### Hráefni

4 eggjahvítur  
2.5 dl sykur  
1 msk. edik  
1 tsk. vanilludropar  
1/4 tsk. salt

¼ lítri rjómi  
1 plata suðusúkkulaði

### Aðferð:

Eggjahvítur þeyttar og sykri smám saman bætt saman við. Stífþeytt. Þá er ediki, vanilludropum og salti bætt við.

Bakað í ofni við 180 gráður í 30 mínútur, þá er lækkað í 150 gráður og bakað áfram í 10-15 mínútur. Gott er að láta kökuna kólna í ofninum.

Þeytið ¼ lítra rjóma og smyrjið ofan á. Bætið berjum ofan á rjómann, t.d. jarðaberjum, hindberjum og bláberjum. Bræðið svo suðusúkkulaði yfir vatnsbaði og skreytið með því.

## GOTT AÐ VITA

### Staðgreiðsla 2010 - laun frá öðrum vinnuveitanda

Ef óskað er eftir að Akureyrarbær taki tillit til launa frá öðrum vinnuveitanda við útreikning staðgreiðslu skatta þarf að senda beiðni um það annaðhvort skriflega eða í tölvupósti til viðkomandi launafulltrúa.

Í beiðninni þarf að koma fram nafn og kennitala launaþega, við hvaða launafjárhæð frá öðrum vinnuveitanda og hvaða launatímabil á að miða við útreikning staðgreiðslu skatta hjá Akureyrarbæ.

Frá og með 1. janúar 2010 er staðgreiðsla skatta reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur á hverju þrepi er sem hér segir:

- Af fyrstu 200.000 kr. (0-200.000 kr.) er reiknuð 37,22% staðgreiðsla.
- Af næstu 450.000 kr. (200.001-650.000 kr.) er reiknuð 40,12% staðgreiðsla.
- Af launafjárhæð umfram 650.000 kr. er reiknuð 46,12% staðgreiðsla.

Frá reiknaðri staðgreiðslu dregst síðan persónuafsláttur sem er 44.205 kr. á mánuði árið 2010.

Athugið að innheimt verður 2,5% álag ef í ljós kemur við álagningu 2011 vegna ársins 2010 að launþegi hefur vangreitt staðgreiðslu. Ef einhverjar spurningar vakna, endilega hafið þá samband við Starfsmannaþjónustu í síma 460 1000 eða sendið tölvupóst á: bjorgl@akureyri.is.



Hópar af skrautlega klæddum krökkum voru á ferðinni um Akureyri á öskudaginn. Margir komu í Ráðhúsið þar sem þessi mynd var tekin.



www.akureyri.is  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,  
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Áspret

# Innanbæjar KRÓNKA

1. töl. 5. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR mars 2010



## ÁRSHÁTÍÐ 2010

Undirbúningur fyrir árhátíð starfsmanna Akureyrarbæjar hefur staðið af fullum krafti undanfarnar vikur en hún fer fram í Þróttahöllinni þann 6. mars. Hátíðin fer fram annað hvert ár og er með stærri samkomum í bænum en eða yfir þúsund manns koma að jafnaði á þessa miklu skemmtun.

Þema árhátíðarinnar eru gullnu árin frá 1950-1965 og yfirskriftin „Stúlkur og stælgæjar“. Á Akureyri voru framleiddar iðnaðarvörur af öllu mögulegu tagi á þessum tíma, allt frá súkkulaði og brjóstsykri til húsgagna og fiskiskipa. Árið 1962 hélt bærinn hátíðlegt 100 ára afmæli sitt með glæsilegum hætti, sama ár og kvikmyndin „American Graffiti“ á að gerast. Yfir þessu tímabili er ævintýraljómi. Óðinn Valdimarsson söng „Ég er kominn heim“ svo fallega að það verður aldrei leikið eftir og í Amaró og Vöruhúsi KEA fékkst allt sem einhverju máli skipti. Hljómsveit Ingimars Eydal hnýtti þetta eiginlega mjög snyrtilega saman í laginu „Vor Akureyri“.

Að undirbúningnum hefur Akureyrarstofa unnið ásamt sínum fylgistofnunum, Amtsbókasafninu, Hérðasskjalasafninu og Menningarmiðstöðinni í Listagili. Þá hefur ómetanleg hjálp borist frá Minjasafninu og Iðnarsafninu - og raunar eitt orkuskot frá Félags- og þjónustumiðstöðinni í Víðilundi. Árhátíðarnefndin hefur skemmt sér konunglega við að rifja upp þennan liðna tíma og til að kynna uppátækið var settur saman sönghópur til að heimsækja vinnustaði og koma fólki í réttar stellingar. Þá gekk Heimir Bjarni Ingimarsson til liðs við undirbúningsgengið eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

## GAMLA MYNDIN



Í síðasta tölublaði var birt mynd sem tekin var á gamlárskvöld hér á Akureyri fyrir þónokkuð mörgum árum og spurt hvar ljósmyndarinn hafi staðið. Rétt svar er að hann stóð sunnan við gömlu lögglustöðina sem nú er búið að rífa en það hús var norðan við núverandi Ráðhús bæjarins. Mjög mörg svör bárust og voru þau flest rétt eða mjög nálægt því að vera rétt.

Heppnin var með Ingibjörgu Ólafsdóttur, leikskólakennara á Iðavöllum, sem sagði í bréfi til ritstjórnar að ljósmyndarinn hafi staðið við gömlu lögglustöðina og fær hún að launum 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Nú spyrjum við: Á hvaða húsi lenti þessi Land Rover jeppi? Vonandi sjá margir sér fært að veita svar við því og senda sem fyrst svar sitt á akureyri@akureyri.is. Í verðlaun er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.



## MOLAR

### Góð kjör fyrir starfsmenn

Starfsmenn Akureyrarbæjar njóta góðra afsláttarkjara hjá ýmsum fyrirtækjum. Í starfsmannahandbókinni á heimasíðu Akureyrarbæjar [www.akureyri.is/starfsmannahandbok/tilbod/](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/tilbod/) er að finna þau tilboð sem starfsfólki standa til boða og er það hvatt til þess að kynna sér þau vandlega.

### Breytt skattmat vegna líkamsræktarstyrkja

Í skattmati 2010 frá Ríkisskattstjóra kemur fram að nú þarf ekki lengur að borga skatt af líkamsræktarstyrk allt að 25 þúsund kr. á ári.

Starfsfólk Akureyrarbæjar er hvatt til að nýta sér líkamsræktarstyrki stéttarfélaganna. Í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar má finna yfirlit yfir tilboð og afslætti til starfsfólks, m.a. í líkamsræktarstöðvar á Akureyri og í Hlíðarfjall.



## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Birna Ingólfssdóttir er að þessu sinni í nærmynd en hún er sjúkraliði með sérmenntun í hjúkrun aldraðra. Hún vinnur á Öldrunarheimilinu Hlíð, á Aspar- og Beykhlíð nánar tiltekið. Þar starfar hún við aðhlyningu og umsjón vakta. Á deildunum búa 30 manns og þar starfar að sögn Birnu frábært fólk.

**Hvaðan ertu?** Ég er fædd og uppalin á Dalvík.

**Fjölskylduhagir?** Gift og 3ja barna móðir, á eitt ömmubarn.

**Hvað er skemmtilegast að gera og hvað leiðinlegast?** Skemmtilegast er að vera með fjölskyldunni og í góðra vina hópi í góðu veðri í íslenskrí náttúru. Leiðinlegast er að kaupa til heimilisins.

**Hvaða bók lastu síðast og var hún góð?** Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur, mjög góð bók.

**Uppáhaldstónlist?** Íslensk alþýðutónlist.

**Uppáhaldsmatur?** Allur matur.

**Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri?** Hér er allt til alls, fallett og lítið stress.

**Hvernig væri hægt að gera góðan bæ betri?** Með jákvæðni og samvinnu.

**Hvað er eftirsóknaverðast í fari annarra?** Stundvísi og létt lund.

**Kreppurád?** Það er aldrei svo hvasst að það lægi ekki aftur.